



Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða
Aðalfundur Upplýsingar
24. maí 2019

Dagskrá aðalfundar starfsárið 2018-2019, haldinn föstudaginn 24. maí 2019 kl.11:00-13:00.

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Fundarstjóri: Magný Rós Sigurðardóttir

Fundarritari: Þórunn Erla Sighvats

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 13. maí 2019, en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- k) Önnur mál.



Ársskýrsla

starfsárið 2018-2019

maí - apríl

Aðalfundur 2019

24. maí 2019

1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 427 og þar af 45 stofnanir. Á starfsárinu sem er að ljúka voru 30 nýir félagar skráðir í félagið. Fjöldi úrsagna er með svipuðu móti og áður. Yfirleitt detta 2-3 félagar út á ári og er ástæðan yfirleitt sú að einstaklingar fara á eftirlaun eða hverfa á annan starfsvettvang og segja sig úr félaginu. Einnig detta félagar út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Engin stofnun hefur tilkynnt um úrsögn á árinu.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- c. Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- f. Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshóp Bókasafnsdagsnefnd eru undanþegnir félagsgjöldum til að veða upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nágildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2018-2019 var sem hér segir:

Formaður: Jóhann Heiðar Árnason, Landsbókasafni (til tveggja ára)

Varaformaður: María Bjarkadóttir, Bókasafni Tækniskólans (til eins árs)

Gjaldkeri: Anna Sjöfn Skagfjörð, Sýn ehf. (til tveggja ára)

Ritari: Þórunn Erla Sighvats, Orkustofnun (til tveggja ára)

Meðstjórnandi: Oddfríður Steinunn Helgadóttir, Landsbókasafni (til eins árs)

Varamenn í stjórn: Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar og Magný Rós Sigurðardóttir, Landsbókasafni

Af óviðráðanlegum ástæðum urðu töluverðar breytingar á stjórn félagsins á starfsárinu. Þannig þurfti Jóhann Heiðar að taka leyfi frá störfum af persónulegum ástæðum í nóvember og tók María þá við og leysti hann af sem formaður. Kristjana kom þá inn í stjórn sem varamaður og leysti af sem varaformaður. Þegar Jóhann sneri aftur til starfa í lok febrúar baðst hann undan því

að taka aftur við formennsku og ákvað stjórn félagsins að Oddfríður og Jóhann myndu skipta um hlutverk, Oddfríður tæki við verkefnum formanns út kjörtímabilið og að Jóhann tæki hennar sæti sem meðstjórnandi út kjörtímabilið, eða var fram að aðalfundi. Kristjana gekk á sama tíma aftur úr stjórn.

Oddfríður gegnir þannig störfum formanns út kjörtímabilið eða fram að næsta aðalfundi. Jóhann sækist ekki eftir áframhaldandi stjórnarsetu og gengur úr stjórn.

Varaformaður var kjörinn til eins árs og lýkur kjörtímabili hans með þessum aðalfundi. Auglýst var eftir framboðum í starfið og hefur Barbara Guðnadóttir, Borgarbókasafni boðið sig fram til næstu tveggja ára.

Anna Sjöfn Skagfjörð hefur óskað eftir lausn frá starfi gjaldkera en býður sig fram í stöðu meðstjórnanda til næstu tveggja ára.

María lætur af störfum sem varaformaður en ákveðið hefur verið að hún taki við stöðu gjaldkera út kjörtímabilið eða í eitt ár.

Varðandi breytingar á stjórn á þessum aðalfundi vísar stjórn Upplýsingar í lög félagsins, kafla, 5. gr. um stjórnarkjör:

“Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.”

3. Húsnæðismál

Félagið á ekki fasta skrifstofu undir starfsemi sína og hefur ekki átt um árábil. Félagið leigir geymsluaðstöðu hjá Geymslum ehf. að Fiskislóð 11, 101 Reykjavík. Þar er skjalasafn félagsins geymt sem og annað tilfallandi. Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra. Stjórnarfundir hafa verið haldnir til skiptist á vinnustöðum stjórnarmeðlima eftir því sem hentar best hverju sinni.

4. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins sex stjórnarfundir á tímabilinu og átti svo í reglulegum samskiptum á samfélagsmiðlum og í tölvupósti. Vegna skyndilegra forfalla formanns í nóvember raskaðist dagskrá félagsins nokkuð en áherslan hefur samt sem áður verið á fagleg málefni og fræðslu til félagsmanna. Þá hefur verið lögð áhersla á viðveru á samfélagsmiðlum og upplýsingagjöf til félagsmanna.

Innan Upplýsingar starfa einnig starfshópar sem skipuleggja og halda utan um ýmis verkefni á vegum félagsins s.s. Bókasafnsdaginn, Landsfund, útgáfu Bókasafnsins, Höfundaréttarnefnd og

Framtíðarhópur sem hefur unnið að möguleikum félagsmanna til endurmenntunar. Þess skal getið að stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu og aukalega fyrir gjaldkerastörf, greitt er fyrir ritnefndarstörf og vefstjórn auk þess sem formaður fær greidda þóknun mánaðarlega.

Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum þess. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

5. Fjármál og styrkir

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana, er rekstrarfé félagsins. Þó sækir félagið um styrki vegna sérstakra atburða eins og Bókasafnsdags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Einnig er sótt um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að standa undir kostnaði við faglega fundi og erlent samstarf og hefur slíkur styrkur fengist undanfarin ár. Að þessu sinni er styrknum ætlað að standa undir kostnaði vegna fundar Norrænna bókavarðafélaga sem haldinn var í Helsinki í Finnlandi í janúar 2019 en starfandi formaður félagsins og meðstjórnandi (síðar formaður) sóttu fundinn. Einnig er styrknum ætlað að standa undir kostnaði við að senda fulltrúa Upplýsingar á IFLA ráðstefnuna í Apenu, Grikklandi í ágúst 2019, auk málþings sem er stefnt að því að halda í september/október 2019.

6. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Engar breytingar hafa orðið á afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Eins og verið hefur undanfarin ár fá félagsmenn 20% afslátt af bókum og tímaritum í Eymundsson. Einnig fá félagar 20% afslátt í Iðu Zimsen, Vesturgötu 2a, 10% afslátt af völdum námskeiðum hjá Promennt og 10% afslátt í A4. Félagsmenn fá svo frítt á Morgunkorn og afsláttur er veittur af skráningargjaldi Landsfundar og ráðstefnum og málþingum á vegum Upplýsingar og erlendra samtaka sem félagið er aðili að. Einnig er jólagleðin og aðrar heimsóknir félagsins án endurgjalds fyrir féлага Upplýsingar. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið.

7. Útgáfumál og upplýsingamiðlar

Bókasafnið

Félagið gefur út tímaritið Bókasafnið einu sinni á ári. Vorið 2018 kom út 42. árgangur blaðsins og er stefnt að útgáfu næsta tölublaðs með haustinu. Hægt er að lesa eldri árganga blaðsins á www.timarit.is.

Fregnir

Fréttabréfið Fregnir hefur ekki verið í reglulegri útgáfu undanfarin ár en efni er sett á vef Fregna þegar það á við (<http://upplýsing.wordpress.com/>).

Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Vef- og samfélagsmiðla Upplýsingar má flokka í þrjá hópa. Í fyrsta lagi efnisvefi tengdir starfi Upplýsingar, tilkynninga- og samskiptatæki og sértæka efnisvefi.

Efnisvefir: [Upplýsing.is](http://upplýsing.is) / Youtube / Instagram (Upplýsing)

Tilkynninga- og samskiptatæki: Facebook

Sértækir miðlar: [Bokasafn.is](http://bokasafn.is) / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bokasafnsdagurinn) / Twitter (Bokasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

Efnisvefir:

Vefur upplýsingar, upplýsing.is inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins, fræðslu, starfsumhverfi félagsmanna upplýsingar um viðburði, myndasafn og innri vef. Einnig eru hýstir undir vef upplýsingar undirvefir ss. vefur um upplýsingalæsi, vefur Bókasafnsins, Bókasafnsdagsins og sérstakir ráðstefnuvefir vegna viðburða tengdum faginu. Vefurinn var endurhannaður í WordPress umhverfi og opnaður vorið 2017.

Notkun vefsins:

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn upplýsing.is árið 2018: 4.252. Að meðaltali skoða 350 notendur vefinn í hverjum mánuði. Árið 2018 voru síðuflettingar og heimsóknir færri en árið á undan þótt síðuflettingar standi í stað. Helsta skýringin á því er að 2018 var Landsfundaár.

Upplýsing.is	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017*	2018
Fjöldi innlita	7.033	12.926	6.703	7.650	9.608	14.891	7.049	4.252
Notendur	3.422	5.387	4.236	4.401	6.498	8.330	5.245	4.178
Flettingar	26.882	45.815	19.791	21.454	23.051	39.476	14.194	14.209

* Skipt var um vefmælingaþjónustu um mitt ár 2017.

Á **Youtube rás Upplýsingar** má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á stafræna myndbandstökuvél sem er í eigu upplýsingar. Þar má helst nefna upptöku af morgunkornum og ráðstefnum. Síðan 2017 hefur verið leitast við að streyma öllum Morgunkornum beint í gegnum Youtube. Í einhverjum tilfellum reyndist netsamband ekki nógu stöðugt og var myndband sett inn að morgunkorni loknu.

Á tímabilinu apríl 2018 til apríl 2019 voru birt 4 myndbönd til viðbótar við þau 19 sem fyrir voru.

Instagram (upplýsing) var notað í kringum Landsfund 2016. Fylgjendur 84 (+13 milli ára)

Twitter (Upplýsing): fylgjendur 16 (-2 milli ára)

Tilkynninga- og samskiptatæki:

Facebook síða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar og skráningar vegna viðburða, myndir af starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum deilt á síðuna. Fyrirspurnir hafa einnig verið að berast gegnum Facebook til félagsins. Facebook síða Upplýsingar hefur 471 (+28 milli ára) fylgjendur.

Sértækir miðlar:

bokasafn.is / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bokasafnsdagurinn) / Twitter (Bokasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

Vefurinn bokasafn.is hefur ekki verið auglýstur sérstaklega en virðist engu að síður vera að draga að sér umferð. Vegna uppfærslu á Wordpress kerfi vefsins og ágalla í þema vefsins í kjölfarið var ekki hægt að uppfæra eða breyta efni vefsins í seinni hluta árs 2018. Vefnum hefur nú verið lokað tímabundið til þess að koma í veg fyrir ranga upplýsingagjöf en undirbúningi að flutningi vefsins í annað umhverfi er langt á veg komið.

bokasafn.is	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fjöldi innlita	3.668	11.210	22.426	22.522	18.321	14.064
Notendur	2.810	9.410	18.679	18.679	14.579	13.926
Flettingar	12.244	32.685	54.259	55.600	44.432	42.273

Miðlar bókasafnsdagsins

Facebook (Bókasafnsdagurinn): 721 fylgjendur (+13 frá fyrra ári)

Instagram (Bokasafnsdagurinn): 104 fylgjendur (+0 frá fyrra ári)

Twitter (Bokasafnsdagurinn): 50 fylgjendur (+0 frá fyrra ári)

Snapchat (bokasafn.is): 245 fylgjendur

Ut anumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Óskar Þór Þráinsson. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppkoma á vegum félagsins. Árið 2018 var bæði haldið utan um upplýsingavef bókasafnsdagsins bæði á upplýsing.is og á bokasafn.is sem vefstjóri sér um. Vefstjóri hefur unnið með undirbúningsnefnd Bókasafnsdagsins að markaðs- og kynningarefni og upplýsingagjöf gegnum miðla félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málfundum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita.

Skýrsla ritnefndar 2018-2019

Ný ritnefnd Bókasafnsins tók við í lok árs 2018 eftir að fyrri ritnefnd hætti öll á einu bretti, hana skipa:

Bergljót Gunnlaugsdóttir
Ilmur Dögg Gísladóttir
Sigurgeir Finnsson
Vigdís Þormóðsdóttir
Þórunn Erla Sighvats

Ritnefndin tók seint til starfa og mun nýtt blað Bókasafnsins ekki líta dagsins ljós fyrr en í fyrsta lagi í haust eða í lok árs 2019.

Sigurgeir Finnsson f.h. ritnefndar

8. Bókasafnsdagurinn 2018

Bókasafnsdagurinn var haldinn 7. september 2018. Yfirskrift dagsins þetta árið var "Lestur er bestur – fyrir vísindin" og var ætlunin sú að vekja athygli á því hlutverki sem bókasöfn gegna í rannsóknum og vísindastarfi. Dagurinn var auglýstur í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Morgunkorn dagsins var haldið í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem Guðbjörg Linda Rafnsdóttir aðstoðarrektor vísinda og prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands hélt erindið "Mikilvægi bókasafna í þágu vísinda".

9. Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni bárust 13 umsóknir sem allar uppfylltu skilyrði fyrir styrkveitingu og var því öllum 8 styrkjum sem úthlutað sem heimild er fyrir. Fimm umsóknum þurfti að hafna vegna þess að hámarksfjölda styrkja hafði verið úthlutað, uppfylltu umsækjendur þó öll skilyrði til styrkveitingar. Þar sem fleiri umsóknir bárust en heimild er fyrir var úthlutað samkvæmt þeirri röð sem umsóknir bárust í.

Eftirfarandi hlutu styrk að þessu sinni:

Magnea Bára Stefánsdóttir, Lísu Z. Valdimarsdóttir, Ásta Sirrí Jónasdóttir, Jóhanna V. Gísladóttir, Bylgja Júlíusdóttir, Íris Dögg Sverrisdóttir, Anna María Soffíudóttir og Brynhildur Jónsdóttir.

10. Höfundarréttarmál

Höfundarréttarhópur hefur ekki komið saman á þessu starfsári. Í nefndinni sitja þrír meðlimir:

Hrafn Malmquist, starfar í Bretlandi, hrafn.malmquist@gmail.com
Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni,
erlendur@landsbokasafn.is
Þorbjörg Bergmann, Bókasafni Hafnarfjarðar, tobba82@live.com

12. Fræðslumál

Landsfundur

Landsfundur Upplýsingar var haldinn 25.-26. október 2018 í Silfurbergi í Hörpu. Um 200 manns voru skráðir á fundinn sem tókst afar vel í alla staði. Einkunnarorð Landsfundar þetta árið voru fólk, tækni og rými og undirbúningur var í höndum Landsfundarnefndar og starfsfólks frá Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Málþing

Málþing er haldið annað hvert ár, á móti Landsfundi og er stefnt að því að halda málþing seinni hluta ársins 2019. Skipulagning er í höndum framtíðarhóps Upplýsingar.

Morgunkorn

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári. Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir standa í um það bil einn og hálfan tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er einnig streymt beint á YouTube og upptökurnar svo aðgengilegar þar eftir að fundi lýkur.

Fyrsta Morgunkornið var, eins og venja er, haldið í tilefni Bókasafnsdagsins í september. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda og prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands hélt erindið "Mikilvægi bókasafna í þágu vísinda" í fyrirlestrarsal Landsbókasafns. Fundinum var streymt á Youtube..

Næsta Morgunkorn var haldið í janúar í Bókasafni Garðabæjar, Garðatorgi. Guðrún Reynisdóttir jógakennari og bókasafns- og upplýsingafræðingur hélt fyrirlestur um áhrif kyrrsetu og streitu á líkama og sál. Fundinum var streymt á YouTube rás félagsins.

Morgunkorn í febrúar var haldið í Hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg, Sjómannaskólanum og komu Sveinbjörg Sveinsdóttir og Sigrún Hauksdóttir og kynntu nýja bókasafnskerfið Sierra sem Landskerfi bókasafna vinna að því að innleiða til að leysa Aleph kerfið af. Á þessu

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða • kt. 571299-3059 • Pósthólf 8865 • 128 Reykjavík • Sími 864 6220 • www.upplysing.is • upplysing@upplysing.is

Morgunkorni var gerð tilraun með beinar spurningar frá áhorfendum í streymi og gafst það mjög vel.

Morgunkorn sem skipulagt var í apríl féll niður vegna skipulagsárekstra.

Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin föstudaginn 7. desember í Bókasafni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Veitingar voru keyptar frá veitingaþjónustu Galito á Akranesi og Ingvi Þór Kormáksson, tónlistarmaður og starfsmaður á Borgarbókasafni lék jólalög á píanó safnsins.

Upplýsing þakkar ofangreindum söfnum kærlega fyrir góðar móttökur. Sérstaklega fólkinu sem lagði á sig vinnu utan hefðbundins vinnutíma að taka á móti félagsmönnum.

13. Nefndir, ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2018 - 2019

Nefndum sem tengjast starfi félagsins hefur stórlega fækkað undanfarin ár og þeirra störf lent meir og meir á stjórn félagsins. Hér munar sérstaklega um störf uppstillingarnefndar, sem hafði það hlutverk að finna fólk í nefndir og ýmis önnur verkefni. Ástæðan fyrir þessari þróun er einföld, erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að starfa í nefndum fyrir félagið þegar aðrir hafa hætt. Hér á eftir fara þær föstu nefndir og starfshópar sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

Útgáfunefnd - hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið og halda utan um vef Fregna. Allir sem áttu sæti í útgáfunefnd létu af störfum á síðasta aðalfundi. Erfiðlega gekk að fá fólk til starfa í nefndinni og fór svo að ekki tókst að manna hana fyrr en í nóvember. Þá tóku sæti í henni: Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir (Flensborg), Vigdís Þormóðsdóttir (Bókasafn LHÍ - svo Landsbókasafni), Þórunn Erla Sighvats (Orkustofnun) og Sigurgeir Finnsson (Landsbókasafni). Ilmur Gísladóttir (Borgarbókasafni) bættist við nefndina í janúar. Þau eru öll skipuð til tveggja ára, eða til 2020.

Höfundaréttarnefnd - í nefndinni eru nú:

Hrafn Malmquist, starfar í Bretlandi. hrafn.malmquist@gmail.com
Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.
erlendur@landsbokasafn.is
Þorbjörg Bergmann, Bókasafni Hafnarfjarðar, tobba82@live.com

Starfshópar

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmis málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra. Allir félagsmenn eru velkomnir í þessa hópa.

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Framtíðarhópur heldur utan um skipulag málþings Upplýsingar í haust.

14. Innlent samstarf

Upplýsing á fulltrúa í ýmsum nefndum utan Upplýsingar.

a) Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem fulltrúi IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Jóna Kristín Ámundadóttir aðalmaður og Heiðrún Dóra Eyvindardóttir gáfu hvorug kost á sér til áframhaldandi setu. Nýir fulltrúar Upplýsingar næstu tvö árin (2019-2021) eru Hulda Bjarnadóttir, hulda.bjarnadottir@ruv.is, og varamaður: Hrönn Sigurðardóttir Árborg, hronnsig@arborg.is.

Skýrsla fulltrúa Upplýsingar í Landsnefnd Bláa skjaldarins um starfsárið 2018-2019

Landsnefnd Bláa skjaldarins hélt þrjá fundi 2018 frá síðasta aðalfundi Upplýsingar. Árið 2019 hófst með sameiginlegum fundi nýkjörinna fulltrúa og fráfarandi í nefndinni.

Ný landsnefnd var skipuð í byrjun árs og tók hún við störfum 6. mars 2019. Nú er nefndin skipuð þannig að Karen Sigurkarlsdóttir situr fyrir hönd viðurkenndra fulltrúa Alþjóðaskjalaráðsins á Íslandi, Hulda Bjarnadóttir fyrir hönd Alþjóðasamtaka bókasafna á Íslandi (Upplýsing), María Karen Sigurðardóttir fyrir hönd Íslensku ICOMOS nefndarinnar og Anna Guðný Ásgeirsdóttir fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM. Jóna Kristín Ámundadóttir er fráfarandi fulltrúi Upplýsingar, en einnig tók Hrönn Sigurðardóttir við af Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur sem varafulltrúi. Ekki er búið að kjósa í stöður þegar þetta er skrifað.

Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi hefur aðallega verið að vinna að tveimur verkefnum á starfsárinu. Annars vegar að vinna fræðsluefni um viðbrögð við og fyrirbyggjandi vernd við náttúruvá og halda við vefsíðu Bláa skjaldarins til að gera fræðsluefnið aðgengilegt.

29. október 2018 stóð Blái skjöldurinn fyrir námskeiði um öryggismál menningarstofnana fyrir safnafólk á Suðurlandi og þá aðila sem sjá um fyrstu viðbrögð við vá á svæðinu. Natalie Jacqueminet, þáverandi formaður Landsnefndar Bláa Skjaldarins, kynnti tilraunaverkefni í Norðurþingi sem Blái skjöldurinn hefur gengist fyrir. Á námskeiðinu var rífað upp með fundarmönnum þau áföll sem dunið hafa yfir Suðurland, jarðskjálfta og eldgos, og farið var yfir hver hefðu verið fyrstu viðbrögð, hvað hefði gengið vel og hvað hefði mátt fara betur. Einnig var

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða • kt. 571299-3059 • Pósthólf 8865 • 128 Reykjavík • Sími 864 6220 • www.upplysing.is • upplysing@upplysing.is

rætt um áhættumat, rýmingaráætlanir og fleira gagnlegt. Unnið var fræðsluefni fyrir námskeiðið og vonast er til að fleiri námskeið verði haldin um land allt til að koma á samstarfi og mynda tengslanet safnafólks við almannavarnir og björgunaraðila í héraði um hvernig skuli haga björgunarstarfi með tilliti til menningarverðmæta ef hættuástand skapast.

Einnig var á starfsárinu var lokið við tilraunaverkefni í Norðurþingi. Verkefnið er unnið í samvinnu við NKF-IS - Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild, Menningamiðstöð Þingeyinga, Bókasafnið á Húsavík og Hvalasafnið á Húsavík. Tilgangur verkefnisins er að koma á fót viðbragðsteymi sérfræðinga og vinna viðbragðsáætlun vegna menningarminja í sveitarfélaginu Norðurþingi sem stafar hættu af náttúruvá eða vá af mannavöldum. Gefin var út skýrsla undir nafninu „Pilot“-verkefni landsnefndar Bláa skjaldarins: Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi sem aðgengileg er á heimasíðu Bláa skjaldarins.

Önnur mikilvæg verkefni nefndarinnar er að vinna að og þrýsta á stjórnvöld að fullgilda Haag-sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1954 um vernd menningarlegra verðmæta þegar átök eiga sér stað. Njörður Sigurðsson, varafulltrúi Bláa skjaldarins lagði fram þingsályktunartillögu á Alþingi 18. sept. 2018 og er hún nú fyrir utanríkismálanefnd.

Blái skjöldurinn hefur hlotið 1.000.000 kr. rekstrarstyrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og 700.000 kr. styrk úr safnasjóði sem ætlaður er til að halda málþing á vegum Bláa skjaldarins á Íslandi.

11. maí 2019

Hulda Bjarnadóttir

Jóna Kristín Ámundadóttir

b) Undirbúningsnefnd árlegrar barna- og unglingsbókaráðstefnu í Gerðubergi

Á ári hverju er haldin barna- og unglingsbókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi.

Upplýsing á fulltrúa í undirbúningsnefnd þeirrar ráðstefnu. Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs er fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefndinni.

c) Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna var stofnað 2016. Fulltrúi úr stjórn Upplýsingar situr í ráðinu og er það Magný Rós Sigurðardóttir, Landsbókasafni.

Auk þess að eiga fulltrúa í þessum nefndum samþykkti Upplýsingar að veita styrk á þessu ári til árlegrar ráðstefnu ARLIS - Art Libraries Norden. Ráðstefnan verður haldin í júní og fer að þessu sinnu fram í Þjóðminjasafninu.

15. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu gagnlegust.

a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þing stendur og svo er skipst á að bjóða til funda. Síðasti fundur var haldinn í Helsinki í Finnlandi 17.-18. janúar á þessu ári. Starfandi formaður Upplýsingar á þeim tíma, María Bjarkadóttir og þáverandi meðstjórnandi, Oddfríður Steinunn Helgadóttir sóttu fundinn. Á fundinum sögðu fulltrúar hvers félags frá því sem væri á döfinni í þeirra starfi og var einnig rætt um framtíðarverkefni, möguleikana sem samstarfið býður upp á og framtíð og stöðu bókasafna á Norðurlöndum. Þema fundarins að þessu sinni var bókasöfn á samfélagsmiðlum og hópurinn heimsótti almenningssafnið Oodi, sem þá var nýopnað. Á þessum fundi var ákveðið að Finnar myndu halda utan um Caucus á IFLA þinginu í sumar og næsti samstarfsfundur norrænu bókavarðafélaganna yrði haldinn á IFLA en þar næsti í Osló í janúar 2020.

b) IFLA

Stefnt er að því að tveir fulltrúar Upplýsingar fari á IFLA í Aþenu í ágúst 2019, sækji fyrirlestra og fundi og hitti þar meðal annars fulltrúa norrænu bókavarðafélagana en enginn fulltrúi Upplýsingar tók þátt í IFLA 2018.

c) ALMA

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsbókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands.

Þorbjörg Karlsdóttir, Borgarbókasafni hefur verið fulltrúi Upplýsingar um árabil en óskaði lausnar fyrir næstu úthlutun 2020 og Gréta Björg Ólafsdóttir hefur tekið hennar sæti.

Að lokum

Formaður sendir kærar þakkir til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg fyrir Upplýsingu, þ.á m. stjórnarmeðlimum fyrir ötula vinnu í þágu félagsins. Þessi mikla vinna hefur gert Upplýsingu kleift að halda á lofti fána félagsins með fræðslu um fagið og fjölmörgum atburðum í virku félagsstarfi. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir aðkomu sína og þátttöku í félagsstarfi og öllum öðrum atburðum sem tengjast félaginu, sem og fyrir ábendingar, hugmyndir og stuðning sem borist hafa frá félagsmönnum síðastliðið starfsár.

Lög félagsins

I. NAFN OG MARKMIÐ 1. gr. – Nafn og varnarþing

Félagið heitir: Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða, á ensku Information - the Icelandic Library and Information Science Association. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. – Markmið

Markmið félagsins eru:

- a) Að auka skilning á mikilvægi sérfræðiþekkingar bókasafns- og upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- b) Að efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda.
- c) Að bæta aðstöðu til rannsókna og náms í bókasafns- og upplýsingafræði.
- d) Að efla samstarf og samheldni félagsmanna.
- e) Að gangast fyrir faglegri umræðu um bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar.
- f) Að stuðla að og standa fyrir símenntun félagsmanna.
- g) Að auka samvinnu ólíkra safnategunda.
- h) Að koma á samvinnu við innlenda og erlenda aðila með svipuð markmið.
- i) Að vera löggjafanum og stjórnvöldum til ráðgjafar um bókasafns- og upplýsingamál.
- j) Að starfa með Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og öðrum fag- og stéttarfélögum eftir því sem við á.

II. FÉLAGSAÐILD

3. gr. – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar og þeir sem starfa á almenningsbókasöfnum, skólasöfnum, sérfræði- og rannsóknarbókasöfnum, skjalasöfnum og hjá öðrum stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að upplýsingamálum.
- b) Nemar í upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Félagar með aukaaðild hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.

c) Áhugafólk um markmið félagsins.

d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn, sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem vinna að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar af stjórn félagsins.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni auk áskriftar að fagtímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta ekki kjörgengis en fá fagtímarit félagsins.

III. SKIPULAG NEFNDA

4. gr. – Skipulag.

Stjórn félagsins eða félagsfundi er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirætlum hverju sinni.

Fastar nefndir félagsins eru:

- a) Útgáfunefnd
- b) Landsfundarnefnd
- c) Uppstillingarnefnd
- d) Laga- og ályktunarnefnd
- e) Höfundaréttarnefnd

Stjórn félagsins skipar í ýmsar nefndir og ráð er starfa utan félagsins.

IV. STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

5. gr. – Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjóri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- b) Aðra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seta í stjórn skerðir ekki kjörgengi til formanns.

Formaður, gjaldkeri, ritari og einn varamaður skulu kjörnir á sléttum árum og varaformaður, meðstjórnandi og annar varamaður á oddatölu árum.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum

á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

6. gr. – Stjórnarfundir

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórnarfundur skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði á tímabilinu september – apríl, en oftast ef þörf krefur. Svo og ef að minnsta kosti þrjú stjórnarmenn æskja þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

7. gr. – Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundum.
- e) Halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

V. AÐALFUNDUR

8. gr. – Aðalfundur

Aðalfundur skal halda á tímabilinu apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boðað með minnst tíu (10) daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.

- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- k) Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

VI. FJÁRMÁL

9. gr. – Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum.

10. gr. – Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings en stofnanir tvöfalt árgjald.

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda féлага.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans felld út af félagaskrá

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í janúar með eindaga 15. mars.

VII. FÉLAGSFUNDIR

11. gr. – Félagssfundir

Til almennra félagssfunda skal stjórn félagsins boða skriflega. Til fundar er skylt að boða ef að minnsta kosti 20 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna.

VIII. LANDSFUNDUR

12. gr. – Landsfundur

Landsfundur skal halda að hausti annað hvert ár. Landsfundur skal að jafnaði vera tveggja daga ráðstefna þar sem fjallað um bókasafna- og upplýsingamál. Stjórn félagsins skipar landsfundarnefnd og setur henni starfsreglur. Starfstími nefndarinnar er á milli landsfunda.

IX. LAGABREYTINGAR OG FÉLAGSSLIT

13. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. mars. Komi fram lagabreytingatillaga skal lagabreytinga- og ályktunarnefnd taka

efnislega afstöðu til tillögunar og kynna hana á aðalfundi ásamt greinargerð frá þeim er leggur hana fram. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hljóti hún stuðning 2/3 þeirra sem afstöðu taka.

14. gr. – Félagsslit

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún rædd á sérstökum félagsfundi sem boðað er til í því skyni. Tillagan skal kynnt í fundarboði eigi síðar en 10 dögum fyrir félagsfundinn.

Áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim fundi skal kosið skriflega um félagsslit.

Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hljóti hún stuðning 2/3 þeirra sem afstöðu taka.

Við félagsslit skulu eignir félagsins renna til starfandi félagasamtaka sem vinna að málum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða samkvæmt nánari ákvörðun fráfarandi stjórnar. Sé slíkt félag ekki til skal eignunum varið til styrktar kennslu í upplýsingafræði

Samþykkt á stofnfundi Upplýsingar 26. nóvember 1999

Breytingar 15.05.2001, 09.05.2005, 16.05.2006, 06.05.2008, 11.05.2016 og 04.05.2018.

Heiðursfélagar

Heiðursfélagar Upplýsingar og fyrri bókavarðafélaga

- 1969 Guðmundur Gíslason Hagalín
- 1974 Björn Sigfússon
- 1978 Haraldur Sigurðsson
- 1980 Herborg Gestsdóttir
- 1985 Ólafur F. Hjartar
- 1985 Bjarni Vilhjálmsson
- 1985 Anna Guðmundsdóttir
- 1985 Anna Sigurðardóttir
- 1992 Hilmar Jónsson
- 1995 Finnbogi Guðmundsson
- 1996 Guðrún Gísladóttir
- 1996 Gunnar Markússon
- 1997 Kristín H. Pétursdóttir
- 1998 Þórdís Þorvaldsdóttir
- 2004 Einar Sigurðsson
- 2004 Else Mia Einarsdóttir
- 2004 Erla Jónsdóttir
- 2004 Haraldur Guðnason
- 2004 Hulda Sigfúsdóttir
- 2004 Lárus Zophoníasson
- 2004 Ólafur Pálmason
- 2004 Óli J. Blöndal
- 2007 Sigrún Klara Hannesdóttir
- 2007 Svanlaug Baldursdóttir
- 2012 Anna Torfadóttir
- 2012 Arndís S. Árnadóttir
- 2014 Hulda Björk Þorkelsdóttir
- 2016 Þórdís T. Þórarinsdóttir
- 2017 Marta Richter

Ársreikningur

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða

Kt. 571299-3059

Pósthólf 8865, 128 Reykjavík

Ársreikningur 2018

Rúnir Bókhaldsþjónustaa ehf

Hagalandi 7

270 Mosfellsгар

S: 660-8651

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða
Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit.

Áritun skoðunarmanns.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-9

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða.

Ársreikningur fyrir Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða vegna reksturs félagsins árið 2018, hef ég gert eftir bókhaldi félagsins fyrir árið 2018.

Ársreikningur er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Uppgjörið er rekstrarreikningur árið 2018, efnahagsreikningur 31. desember 2018, sjóðstreymi og sundurliðanir.

Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Reykjavík, 2019.

Rúnir Bókhaldspjónusta ehf.

Guðrún Þórarinsdóttir
Viðurkenndur bókari

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2018

Hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2018 kr. 1.640.349,-. Að öðru leyti vísar stjórn félagsins í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Stjórn Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða og framkvæmdastjóri staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2019

Í stjórn

Oddfríður Helgadóttir Anna Sjéfn Skagghjört

Jón W. Jónsson María Björkadóttir

f. h. Þórunnar Erlu Sighvats, skv. umböði
Oddfríður Helgadóttir

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Rekstrartekjur.....			
Iðgjöld	1	10.745.816	4.524.000
Framlög og styrkir	2	0	0
Tekjur af útgáfustarfsemi	3	0	0
Aðrar tekjur	5	0	0
		10.745.816	4.524.000
Rekstrargjöld.....			
Annar rekstrarkostnaður	9	9.115.247	4.510.924
		9.115.247	4.510.924
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða.....		1.630.569	13.076
Fjármunatekjur	11	120.211	545.173
Fjármagnsgjöld	12	(110.431)	(85.717)
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....		1.640.349	472.532
Tekju og eignarskattur		0	0
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....		1.640.349	472.532
Hagnaður (tap)		1.640.349	472.532

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Fasteign		0	0
Bifreið		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Skammtímakröfur	16	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Verðbréf			
Verðbréf		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður í eigu félagsins	18	11.207.734	11.865.070
Bankareikningar í vörslu félagsins	18	2.149.005	
		<u>13.356.739</u>	<u>11.865.070</u>
		<u>13.356.739</u>	<u>11.865.070</u>
		<u>13.356.739</u>	<u>11.865.070</u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé 01,01		11.716.390	11.243.858
Hagnaður (tap) ársins		1.640.349	472.532
Eigið fé		13.356.739	11.716.390
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréf.....		0	0
Skuldir		0	0
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		0	148.680
Ógreitt vegna starfsfólks.....		0	0
Fjármagnstekjuskattur af arði.....		0	0
Aðrar Skammtímaskuldir		0	0
Skuldir		0	148.680
Eigið fé og skuldir		13.356.739	11.865.070

Sjóðstreymi 2018

Handbært fé til rekstrar	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Rekstrarhagnaður (tap)		1.640.349	472.532
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Aðrir reiknaðir liðir		<u>0</u>	<u>0</u>
Hreint veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		1.640.349	472.532
Greiddur tekjuskattur		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé til rekstrar	1.640.349	472.532
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	3	<u>0</u>	<u>0</u>
	Fjármögnunarhreyfingar	1.640.349	472.532
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.491.669	669.985
Handbært fé í ársbyrjun		11.865.070	11.195.085
Handbært fé í árslok		<u>13.356.739</u>	<u>11.865.070</u>

Sundurliðanir

	2018	2017
1. Rekstrartekjur		
Tekjur	10.745.816	4.524.000
	10.745.816	4.524.000
9. Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	148.352	140.887
Gjaldferð áhöld og tæki	139.894	17.995
Sími og internet	31.760	28.040
Póstþjónusta	225.428	214.065
Bókasafnið sendingarkostnaður	0	0
Pappír, prentun og ritföng	91.569	145.868
Námskeið	0	0
Árshátíð, jólagleði ofl.	7.363	222.332
Stjórnarlausn	0	0
Liðsýpt þjónusta	697.500	1.086.701
Rekstur tölvukerfis	388.784	396.061
Annar kostnaður	0	0
Morgunkorn	76.989	18.617
Bókasafnsdagur	38.820	524.473
Hreyfingar út af reikningi Skráningaráðs	0	0
Ferðakostnaður	770.194	85.800
Ferðastyrkur	0	0
Erlent samstarf	0	0
Funda- og viðskiptakostnaður	741.381	347.325
Kostnaður vegna aðalfundar	0	0
Landfundur	5.101.208	164.250
Heimsóknir og samstarf	0	0
Ráðstefnur	0	945.737
Félagsgjöld	134.934	117.044
Auglýsingar	367.121	25.729
Lögfræði- og bókhaldskostnaður	153.950	0
Ýmislegt	0	0
Gjafir og styrkir	0	30.000
	9.115.247	4.510.924

Sundurliðanir

11. Vaxtatekjur og verðbætur:		
Vaxtatekjur	120.211	545.173
Verðbætur á verðbréf	0	0
	<u>120.211</u>	<u>545.173</u>
12. Vaxtagjöld:		
Bankakostnaður og þjónustugjöld	(109.918)	(85.717)
Dráttarvextir	(513)	0
	<u>(110.431)</u>	<u>(85.717)</u>
16. Skammtímakröfur:		
Félagsmenn	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
18. Handbært fé:		
Bankareikningar í eigu félagsins		
Landsbankinn 505712	2.811.946	9.837.919
Landsbankinn 14520	43.598	0
Landsbankinn 505713	38.629	0
Gjaldeyrisreikningur 710666	0	0
Landsbankinn 380307	3.885.994	0
VÍB Vörslureikn. 43110	4.258.079	0
Vísu inneign	169.488	0
Reikningar í vörslu félagsins		
Vörslureikningur 380189	956.803	2.027.151
Landsbankinn 331722	815.012	0
Landsbankinn 263671	377.190	0
	<u>13.356.739</u>	<u>11.865.070</u>

Fjárhagsáætlun Upplýsingar fyrir árið 2019

Tekjur:

Árgjöld	2.800.000
Styrkir o.fl.	1.800.000
Ýmis fjármögnun á eigið fé	400.000
Tekjur alls:	5.000.000

Gjöld:

Norrænt og alþjóðlegt samst.	-1.200.000
Ferðastyrkir til félagsmanna	-200.000
Funda-og stjórnunarkostnaður	-785.000
Námskeið	-250.000
Húsaleiga	-160.000
Alm. rekstarkostnaður	-500.000
Sími og Netrekstur	-150.000
Bankakostnaður	-80.000
Útgáfa og prentun og pósthj.	-340.000
Fjármagnstekjuskattur	-35.000
Jólagleði og aðrar upptækur	-300.000
Bókasafnsdagurinn	-650.000
Gjöld alls:	-4.650.000

Umboð vegna undirritunar ársreikninga Upplýsingar fyrir aðalfund 24. maí 2019

1 message

Þórunn Erla Sighvats <thorunn.e.sighvats@os.is>
To: Oddfríður Steinunn Helgadóttir <oddasteina@gmail.com>

Wed, May 22, 2019 at 2:14 PM

Hér með vottast að Oddfríður Steinunn Helgadóttir hefur leyfi til að undirrita ársreikninga Upplýsingar, sem lagðir verða fram á aðalfundi félagsins 24. maí 2019, fyrir hönd undirritaðrar.

Undirrituð:

Þórunn Erla Sighvats

191051-2899

Ritari Upplýsingar

